

Þingsályktun

**um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2008,
um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.**

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2008, frá 6. júní 2008, um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1315/2007 um öryggiseftirlit með rekstrarstjórnun flugumferðar og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2096/2005.

Samþykkt á Alþingi 16. mars 2009.